



Borgarráð  
Ráðhúsu Reykjavíkur

101 REYKJAVÍK

***Umsögn skóla- og frístundasviðs við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um mönnun stöðugilda í skólum - R21010227***

Á fundi borgarráðs 21. janúar 2021 var lögð fram fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um mönnun stöðugilda í skólum.

*Ekki hefur tekist að manna fjölda stöðugilda á sviði skóla þrátt fyrir mikið og vaxandi atvinnuleysi. Sem dæmi á eftir að ráða í 20.9 stöðugildi eða um 46 starfsmenn samanborið við 5.9 stöðugildi og 10 starfsmenn þann 8. október sl. Fulltrúi Flokks fólksins spyr hvaða skýringar eru fyrir því að ekki tekst að manna allar stöður í því atvinnuleysi sem nú ríkir?*

**Svar:**

Staðan á ráðningum var tekin út á skóla- og frístundasviði 7. janúar s.l. Samkvæmt þeim tölum er búið að ráða í 98,8% stöðugilda í leikskóla og 98,9% stöðugilda í grunnskóla. Í ljósi þess að alltaf eru einhverjar mannbreytingar á svo stóru sviði eins og skóla- og frístundasvið er, þ.e. einhver staðar eru að koma upp veikindi, fæðingarorlof, starfsfólk að færa sig á milli o.fl., þá eru alltaf einhverjar stöður að losna og eru í auglýsingu. Hvað varðar mönnun í frístundastarfi 7. janúar þá átti eftir að ráða í 20,9 stöðugildi eða um 46 starfsmenn samanborðið við 5,9 stöðugildi og 10 starfsmenn þann 8. október sl. Ástæðan fyrir þeirri stöðu er sú að algengt er að það þurfi að endurráða fólk í mörg hlutastörf um áramót og var því ferli ekki lokið á þeim tíma sem þessar tölur voru teknar.

Virðingarfyllt

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs